



Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 00/	K/S 22.5.18.
Ábm. KV	Svfr.
Afgr. Forvarnir	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

Skeiða- Gnúpverjahreppur  
Kristófer Tómasson, sveitarstjóri  
Félagsheimilinu Árnesi  
801 Selfoss.

Kópavogi, 15. maí 2018.

### Efni: Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2018.

Á fundi stjórnar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands þann 4. maí sl. voru samþykktar styrkveitingar til 13 aðila, samtals að upphæð 5,0 milljónir króna.

Við afgreiðslu umsóknanna var farið eftir 11. gr. Starfsreglna stjórnar EBÍ um hæfi stjórnarmanna til að fjalla um mál.

Það er félaginu mikil ánægja að tilkynna að sveitarfélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 215.000.- vegna upplýsingaskiltis í Áshildarmýri.

Upphæðin verður lögð inn á reikning sveitarfélagsins þann 30. maí n.k.

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins og ráðstöfun ofangreindra fjármuna fyrir 1. mars á næsta ári. Er þetta í samræmi við 8. gr. reglna sjóðsins en þar segir að sveitarfélag geti ekki vænst þess að fá aftur styrk ef greinargerð um verkefnið hefur ekki verið skilað inn.

Það er ósk okkar að þessi styrkveiting stuðli að því að framgangur verkefnisins verði með þeim hætti sem forráðamenn þess vonast til.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið  
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

  
Anna Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri.

Meðfylgjandi: Listi yfir úthlutaða styrki.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands Hlíðasmári 8 – 201 Kópavogur – sími 544-5070 – brunabot@brunabot.is

## Styrktarsjóður EBÍ – úthlutaðir styrkir 2018

### Samþykktir í stjórn EBÍ 4. maí 2018.

---

1.	<b>Reykjavíkurborg</b> <i>Álag og streita meðal grunnskólakennara og leikskólakennara. Rannsóknarverkefni.</i>	kr. 500.000.-
2.	<b>Kópavogsbær</b> <i>„Social Progress Portrait“. Mælikvarði á félagslegar framfarir í Kópavogi. Tenging við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og MÆLKÓ.</i>	kr. 500.000.-
3.	<b>Akraneskaupstaður</b> <i>Ný grunnsýning Byggðasafnsins í Görðum.</i>	kr. 450.000.-
4.	<b>Hvalfjarðarsveit</b> <i>Álfholtsskógur – opinn skógur.</i>	kr. 295.000.-
5.	<b>Snæfellsbær</b> <i>Endurhönnun á sýningu í Pakkhúsi Snæfellsbæjar.</i>	kr. 450.000.-
6.	<b>Fjallabyggð</b> <i>Griðland fugla – fuglaskoðunarskýli.</i>	kr. 400.000.-
7.	<b>Dalvíkurbyggð</b> <i>Áningarstaður við Hrísatjörn.</i>	kr. 250.000.-
8.	<b>Seyðisfjarðarkaupstaður</b> <i>Upplýsingaskilti á áningarstaðnum við Neðri-Staf á Fjarðarheiði.</i>	kr. 450.000.-
9.	<b>Fjarðabyggð</b> <i>Fjársjóðir Fjarðabyggðar – Kortlagning á menningarlauslindum í Fjarðabyggð.</i>	kr. 450.000.-
10.	<b>Fljótaldalshreppur</b> <i>Upplýsingaskilti á lóð félagsheimilisins Végarðs.</i>	kr. 200.000.-
11.	<b>Mýrdalshreppur</b> <i>Endurbætur á sýningunni „Við hafnlausu strönd“ – Miðlun um lífið við ströndina, sjósókn og samgönguleysi. Saga skipastranda við Suðurströndina.</i>	kr. 450.000.-
12.	<b>Hveragerðisbær</b> <i>Söguskilti Hveragerðisbæjar – Hveragerðiskirkja.</i>	kr. 390.000.-
13.	<b>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</b> <i>Merkingar sögufrægra staða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fræðslu- og söguskilti í Áshildarmýri.</i>	kr. 215.000.-
	<b>Samtals kr.</b>	<b>5.000.000.-</b>